


Deka Fiber

Trefjastyrkt múrblanda



Efnislýsing

Deka fiber múrblanda er hraðþornandi, frostþolin trefjastyrkt viðgerðarblanda, sem rýrnar ekki. Hentar í allar viðgerðir, sérstaklega á álagsstaði þar sem mikils styrks er krafist. Má bæði sprauta og handleggja. Efnið er þurrefni í 25kg pokum sem er blandað vatni á byggingarstað.

Notkunarsvið

Deka Fiber hentar vel meðal annars fyrir:

- Viðhaldsframkvæmdir á svölum, tröppum, höfnum og/eða við hafnarsvæði
- Á verkstæðum og þá sérstaklega í umhverfi sem inniheldur jarðolíu, smurefni o.fl.
- Viðgerðir á hlutum sem verða fyrir miklu endurteknu álagi
- Viðgerð á berandi steypuhlutum

Undirvinna

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementsslamma og önnur óhreinindi. Viðgerðarflötinn skal afmarka með því að skera með slípirokk, 10mm brún vinkilrétt á flötinn. Síðan skal hreinsa mjög vel og höggva burt alla lausa og morkna steypu. Skola skal burt öllu ryki og lausum ögnum. Gætið þess að viðgerðin sé hvergi þynnri en 5mm.

Grunnur

Til að tryggja viðloðun við eldri steypu er mælt með að grunna undir Deka fiber með því að bleyta sárið vel fyrir viðgerð. Við erfiðar aðstæður er gott að kústa sárið með velling/slamma. Hrærið saman Deka Fiber og vatni þar til úr verður blautur kústunarhæfur slammi. Kústið slammanum á flötinn og leggið viðgerðarblönduna í blautt sárið.

Blöndun og lögn

Vatnsmagn í 25 kg.

Handlögn með múrskeið: 3,5-4,0L hreint vatn.

Fyrir sprautu: 4,0-4,5L hreint vatn.

Hellið efninu út í vatnið (lægri mörk) Hrærið saman með hægðengri borvél í 3-4 mín, bætið meira vatni í ef þarf til að ná æskilegri þykkt, þó aldrei meira en gefið er upp hér að ofan. Hrærið aftur í 2-3 mín.

Notkunnartími blöndu er 30 mín við 21°C

Ásetning

Hitastigið við notkun og næstu 24 klst verður að vera yfir 5°C. Sprautið eða handleggið Deka Fiber viðgerðarefnið í 5-40mm lag. Ef lagið verður meira en 20 mm þykkt þarf að setja trefjanet til styrktar viðgerðinni, sem næst miðri lögninni, þó aldrei nær yfirborði en 10mm. Hreinsið áhöld strax með vatni. Við viðgerðir á köntum, tröppum og þess háttar þarf að afmarka viðgerðarsvæðið með mótí. Neglið réttsskeið á viðkomandi svæði og leggið að því. Fjarlægið réttsskeiðina varlega þegar efnið hefur harðnað, en áður en það nær fullum styrk

Athugið

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi, á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi. Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á ofangreindar upplýsingar sem leiðbeinandi.

Eiginleikar Deka Fiber	Uppgefið gildi
Þykkt min:	5mm
Þykkt max:	40mm
Þrýstistyrkur 1 dagur (EN 12190)	≥25 N/mm ²
Þrýstistyrkur 28 daga (EN 12190)	≥58 N/mm ²
Beygjustyrkur 1 dagur (EN 12190)	Min. 5 N/mm ²
Beygjustyrkur 28 daga (EN 12190)	Min. 7 N/mm ²
Binding við steinsteypu (28 dagar)	≥2,6 N/mm ²
Brunaflokkun	Class A
Binding við steypu eftir 50 frost/þýðu hringi (EN13687-1)	≥ 3,29 N/mm ²
Loftinnihald	3,5-6,5%
Vatnsþörf:	(3,5 – 4,5 lítrar/25kg)
Vatnsgengni:	Max 10mm
Efnisnotkun 10mm þykkt:	19kg/m ²
Frostþíðuþol	Max 0,4mm ²
Rýrnun	Max 12x10 ⁻⁴